

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1590****2021/EES/22/110****frá 19. ágúst 2020****um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 til að taka tillit til þróunar á massa nýrra léttra atvinnuökutækja sem skráð voru 2016, 2017 og 2018 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 14. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Innan alls flota ESB ber reglulega að lagfæra meðalmassa ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, þar sem meðalmassinn er notaður til að reikna út markmið um sértæka losun koltvísýrings fyrir hvern framleiðanda nýrra léttra atvinnuökutækja, þ.e. M₀-gildið, til að taka tillit til breytinga á meðalmassa nýrra léttra atvinnuökutækja sem eru skráð í Sambandinu.
- 2) Meðalmassi ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, að því er varðar ný, létt atvinnuökutæki á almanaksárunum 2016, 2017 og 2018, vegið samkvæmt fjölda nýrra skráninga á hverju og einu þessara ára, var 1825,23 kg, á grundvelli gagnanna í framkvæmdarákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/143 ⁽²⁾, (ESB) 2019/582 ⁽³⁾ og (ESB) 2020/1035 ⁽⁴⁾. M₀-gildið fyrir almanaksárin 2021, 2022 og 2023, sem um getur í 4. lið B-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/631, ætti því að endurspeglja þann massa.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/631 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*Í stað færslunnar M₀ í 4. lið B-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/631 kemur eftirfarandi:

„er 1766,4 árið 2020, 1825,23 fyrir árin 2021, 2022 og 2023 og fyrir árið 2024 gildið sem samþykkt er samkvæmt b-lið 1. mgr. 14. gr.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 360, 30.10.2020, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 13.

(2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/143 frá 19. janúar 2018 um staðfestingu eða breytingu á bráðabirgðaútreikningi á sértækri meðaltalslosun koltvísýrings og markmiðum um sértæka losun fyrir framleiðendur nýrra léttra atvinnuökutækja fyrir almanaksárið 2016 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 (Stjútíð. ESB L 25, 30.1.2018, bls. 49).

(3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/582 frá 3. apríl 2019 um staðfestingu eða breytingu á bráðabirgðaútreikningi á sértækri meðaltalslosun koltvísýrings og markmiðum um sértæka losun fyrir framleiðendur nýrra léttra atvinnuökutækja fyrir almanaksárið 2017 og fyrir Volkswagen-samlagið, þ.m.t. aðila samlagsins, fyrir almanaksárin 2014, 2015 og 2016 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 (Stjútíð. ESB L 100, 11.4.2019, bls. 47).

(4) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1035 frá 3. júní 2020 um staðfestingu eða breytingu á bráðabirgðaútreikningi á sértækri meðaltalslosun koltvísýrings og markmiðum um sértæka losun fyrir framleiðendur fólksbifreiða og léttra atvinnuökutækja fyrir almanaksárið 2018 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 (Stjútíð. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 37).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
